

AUGLÝSING

um breytingar á sérlyfjaskrá frá 1. júlí 1972.

1. Eftirtalin sérlyf hafa verið samþykkt til upptöku á sérlyfjaskrá:
- | | |
|---|---|
| AMANTADIN (Ido, 1662)
Töflur; 20 fl. | Hver tafla inniheldur:
Amantadini chloridum
NFN 50 mg eða 0,1 g. |
| DUMOLID (Dumex, 1629)
Töflur; 33. fl. | Hver tafla inniheldur:
Nitrazepamum NFN 5 gm. |
| FLAGYL FORTE (Pharma Rhodia,
1652)
Töflur; 4. fl. | Hver tafla inniheldur:
Metronidazolium NFN 0,4 g. |
| JODOMIRON (Ercopharm, 1610)
Innrennslislyf 111 mg J/ml; 29. fl. | 1 ml inniheldur: Jodamid-
megluminum NFN 0,25 g,
samsvarandi 111 mg J/ml. |
| Stungulyf 300 mg J/ml; 29. fl. | 1 ml inniheldur: Jodamid-
megluminum NFN 0,65 g,
samsvarandi 300 mg J/ml. |
| Stungulyf 380 mg J/ml; 29. fl. | 1 ml inniheldur: Jodamid-
megluminum NFN 0,7 g,
Jodamidnatrium NFN 0,1 g,
alls samsvarandi 380 mg J/ml. |
| LIPOFUNDIN S mit GLYCERIN
(Braun, 1626)
Innrennslislyf 10%; 40. fl. | 1000 ml innihalda: Oleum sojæ
fract. 100 g, Sojaphosphatid fract.
7,5 g, Glycerolum 25 g, Aqua pro
inject. að 1000 ml. |
| Innrennslislyf 20%; 40. fl. | 1000 ml innihalda: Oleum sojæ
fract. 200 g, Sojaphosphatid fract.
15 g, Glycerolum 25 g, Aqua pro
inject. að 1000 ml. |
| Skráning lyfsins er til ársloka 1975 fyrst um sinn. | |
| LOMOTIL (Searle, 1622)
Lausn; 24. fl. | 1 ml inniheldur: Diphen-
oxylati chloridum NFN 0,5 mg,
Atropini sulfas NFN 5 mikróg. |
| Töflur; 24. fl. | Hver tafla inniheldur: Diphen-
oxylati chloridum NFN 2,5 mg,
Atropini sulfas 25 mikróg. |
| MADOPAR (Roche, 1657)
Hylki 0,1 g of 25 mg; 20. fl. | Hvert hylki inniheldur:
Levodopum NFN 0,1 g,
Benserazidi chloridum INN 25 mg. |

Hylki 0,2 g og 50 mg; 20. fl.

Hvert hylki inniheldur:
Levodopum NFN 0,2 g,
Benserazidi chloridum INN 50 mg.

Skráning lyfsins er til ársloka 1975 fyrst um sinn.

METAMUCIL (Searle, 1673)
Duft; 24. fl.

1 g inniheldur: Slímefni unnin
úr psyllii 0,49 g.

PIPORTYL (Pharma Rhodia, 1612)
Stungulyf, sem palmitat; 13. fl.

1 ml inniheldur: Pipotiazini
palmitas INN 25 mg í oliulausn.

Stungulyf, sem undecýlenat; 13. fl.

1 ml inniheldur: Popotiazini
undecýlenas INN 25 gm í oliu-
lausn.

Skráning lyfsins er til ársloka 1975 fyrst um sinn.

SERENACE (Searle, 1623)
Hylki; 13 fl., 23. fl.

Hvert hylki inniheldur:
Haloperidolum NFN 0,5 mg.

Töflur; 13. fl., 23. fl.

Hver tafla inniheldur:
Haloperidolum NFN 1,5 mg
eða 5 mg.

SOLU-MEDROL (Upjohn, 1650)
Stungulyf; 3. fl.

Hvert hettuglas inniheldur:
Methylprednisolonum NFN, sem
natríumsúkkínat. 0,125 mg eða
0,5 mg, þurrefni. Leysir fylgir.

TREOSULFAN (Leo, 1648)
Hylki; 38. fl.

Hvert hylki inniheldur:
Treosulfanum INN 0,25 g.

URISPADOL (Asa, 1659)
Töflur; 25. fl.

Hver tafla inniheldur:
Flavoxati chloridum NFN 0,2 g.

Skráning lyfsins er til ársloka 1975 fyrst um sinn.

2. Eftirtalin ný form áður skráðra sérlyfja, hafa verið samþykkt til upptöku á sérlyfjaskrá:

ANATENSOL (Squibb, 288)
Stungulyf; 13. fl.

1 ml inniheldur: Fluphena-
zini decanoas NFN 25 mg.

FENOXCILLIN (Novo, 241)
Skammtar; 4. fl.

Hver skammtur inniheldur:
Phenoximethylpenicillin-
kalium NFN 250.000 a. e.

3. Eftirtalin sérlyf eru hér með tekin af sérlyfjaskrá:

ACTH Prolongatum Vetag, vetr. (Veterinaria, 856), stungulyf
Anovlar 21 (Schering, 102), töflur
Mestilon (Roche, 136), töflur
Pasido (Ido, 511), kyrni
Pasido Natrium (Ido, 511), kyrni
Syntocinon, vetr. (Sandoz, 369), stungulyf.

4. Eftirtalið lyfjaform hefur verið tekið af markaði:
SOFRAMYCIN (Roussel, 878) krem.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. ágúst 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.

9. ágúst 1974.

Nr. 253.

SAMÞYKKT

um fundarsköp fyrir hreppsnefnd Stykkishólmshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Rétt til setu á fundum hreppsnefndar Stykkishólmshrepps eiga 7 kjörnir hreppsnefndarmenn, auk sveitarstjóra. Þeir ræða og gera ályktanir um sveitarmálefni svo og önnur mál, ef nauðsyn krefur.

Varamenn taka sæti á fundum í forföllum aðalmanna skv. gildandi sveitarstjórnarlögum.

2. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar að loknum sveitarstjórnarkosningum, kýs hún sér oddvita og varaoddvita og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum svo og kosning starfsmanna í nefndir. Hreppsnefnd ákveður þóknun nefndarmanna, sbr. 14. gr. og 28. gr.

Enn fremur ræður hreppsnefnd fundarritara.

3. gr.

Oddviti stjórnar fundum og sér um að allt fari fram í reglu og eftir fundarsköpum.

Fundarmönnum er skylt að hlíta úrskurði hans, þó má skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, ef vafi leikur á um skilning á fundarsköpum.

Fundarritari heldur gerðabók hreppsnefndar undir umsjón oddvita, sem sér um að hún sé rétt og skipulega færð. Að loknum fundi skal fundargerðin lesin upp og viðstaddir fundarmenn undirrita hana. Hver fundarmaður, sem eigi er sammála hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

4. gr.

Oddviti boðar hreppsnefndarfundi, eða sveitarstjóri í hans umboði, og ákveður stað og stund. Reglulega fundi skal halda fyrsta föstudag í mánuði kl. 17.00 og standa eigi lengur en til kl. 19.30, nema hreppsnefnd samþykki framlengingu þeirra. Heimilt er að fella niður reglulega fundi í mánuðunum júlí og ágúst. Farist reglulegur fundur fyrir vegna helgi eða annarra ástæðna, skal hann haldinn einhvern næsta virkan dag þar á eftir. Aukafundi skal halda svo oft sem oddvita eða sveitarstjóra þykir þörf vera á. Þó skal jafnan boða til aukafundar, ef a. m. k. þrír hreppsnefndarmenn óska þess. Leitast skal við að boða aukafundi með hæfilegum fyrirvara.

5. gr.

Sveitarstjóri ákveður dagskrártillögu fundar í samráði við oddvita. Dagskrártilagan skal borin upp í fundarbyrjun. Röð mála á dagskrá getur hreppsnefnd breytt